



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/758*  
*komudagur 27.11.2012*

Fjarðabyggð, 20. nóvember 2012  
Tilvísun 1211050/14.4

**Umsögn Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs  
(Hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög) 120. mál**

Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð styðja heilshugar framkomið frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs þar sem segir í 3.gr. að miðstöð innanlandsflugs skuli starfrækt í Reykjavík.

Stjórnsýsla Íslands og mikilvægar þjónustustofnanir eru að langstærstum hluta staðsettar í Reykjavík. Mjög mikilvægt er að aðgangur landsbyggðar að þjónustu höfuðborgarsvæðisins verði ekki skertur og taki áfram sem minnstan tíma fyrir landsbyggðarfólk.

Staðsetning innanlandsflugs í Keflavík myndi þýða verulegt óhagræði á mörgum sviðum, ferðatími myndi aukast verulega auk þess sem kostnaður landsbyggðar af innanlandsflugi, sem er nógur fyrir, myndi aukast verulega.

Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð vilja einnig vekja sérstaka athygli á skýrslu KPMG – Áhrifin ef miðstöð innanlandsflugs flyst til Keflavíkur – sem gefin var út í september 2012.

Páll Björgvin Guðmundsson